

Ársskýrsla Maríuhúss 2014

Skjólstæðingar

Á árinu 2014 voru 45 einstaklingar sem nýttu sér þjónustu Maríuhúss, 25 karlar og 20 konur. Af þeim bjuggu 29 með maka eða barni en 16 bjuggu einir. Meðalaldur þeirra var 78,4 ár (57 til 88 ára).

Meðaldvalartími þeirra sem útskrifuðust á árinu var 16,6 mánuðir en sá sem var styst var 4 mánuði en sá sem var lengst hafði verið í 40,4 mánuði.

Um áramót 2014/2015 voru 24 einstaklingar skráðir í Maríuhús. Þeir koma 2 til 5 daga í viku. Tíu skjólstæðingar fá aðstoð við böðun vikulega og þrettán skjólstæðingar fara með okkur í sund einu sinni í viku. Þrír herrar fá daglega aðstoð við rakstur og tvær konur vikulegan hárfvott. Sjö skjólstæðingar fá aðstoð við lyfjatöku hjá okkur.

Heimþjónustan/heimahjúkrun hefur sinnt 16 af skjólstæðingum Maríuhúss á árinu. Það er meðal annars aðstoð við athafnir daglegs lífs, lyfjagjafir og eftirlit/stuðningur.

Níu skjólstæðingar fengu færni og heilsumat á árinu og sex útskrifuðust héðan í biðpláss á spítala.

Nánari tölulegar upplýsingar og samanburður milli 2012, 2013 og 2014 er hér aftast.

Starfsmenn

Á árinu varð breyting í starfsmannahópnum. Helga Ingunn Sturlaugsdóttir hjúkrunarfræðingur sagði upp og lét af störfum 31. mars. Í hennar stað var ráðinn nýútskrifaður iðjubjálfi, Kristín Valborg Thomsen sem byrjaði 12. maí.

Vegna þessa vorum við færri í apríl og starfsmenn áttu í veikindum þannig að sá mánuður var strembinn.

Í upphafi árs voru 7 starfsmenn í 6,35 stöðugildum en í lok árs voru stöðugildin orðin 6,55 en Kristín kom í 80% en Helga hafði verið í 60% starfi.

Nú um áramót starfa í húsinu hjúkrunarfræðingur, þroskabjálfi, iðjubjálfi, sjúkraliði með sérnám í öldrun, 2 sjúkraliðar og félagsliði.

Starfsdagar hússins voru nýttir í skipulag, undirbúning á virkni, fræðslu og við heimsóttum Grund og Múlabæ svo að eitthvað sé nefnt. Við höfðum ekki starfsdaga í sumar en höfðum þess í stað heilan dag í september sem að hluta til var í samvinnu við Fríðuhús og Drafnarhús.

Húsnæðið

Reykjavíkurborg hefur sinnt viðhaldi á húsnæðinu. Það hefur verið á dagskrá að pússa og lakka allt parkett á efri hæðinni í tvö ár núna en það bíður enn þess að borgin hafi fjármagn í það. Talsverður raki er í bílskúr (bæði uppi og niðri) og er borgin meðvituð um það. Á haustdögum var skipt um þakpappa á bílskúrnum.

Loka þurfti geymslu niðri vegna raka/sveppa árið 2012 og er hún enn lokuð. Þessa geymslu höfum við ekki verið með afnot af en stjórnkerfið fyrir bræðslukerfi í innkeyrslu er þar inni. Aðalrýmið á neðri hæðinni er við innganginn í geymsluna. Hurðin var þétt 2013 til að minnka líkur á að óloft komist fram.

Raki og óþefur í húsinu sjálfu hefur minnkað mjög mikið eftir að skipt var um dælu í brunni fyrir aftan húsið 2013. Það hefur því ekki verið vandamál á þessu ári.

Bræðslukerfið fyrir framan húsið fór ekki í almennilega í gang eftir sumarið og fór talsverður tími í að finna hvað væri raunverulega að og því margt lagað sem orðið var lélegt í kerfinu.

Talsvert autt svæði (gras og stétt) eru á bak við húsið. Við höfum sömu drauma nú og í fyrra um að geta nýtt það betur, til dæmis með því að útbúa púttvöll eða fá hæsnakofa. Við hlökkum til að heyra af reynslu Fríðuhúss af hæsnakofa. Stór pallur með skjólvegg myndi líka gera mikið, þá væri líka hægt að hafa meira opið út án þess að við hefðum áhyggjur af að einhver rati ekki til baka til okkar.

Við nýtum svæðið ekki mikið eins og það er, helst til að spila Kubb eða slík spil.

Þrif

Hreint sér um þrif í Maríuhúsi og koma tvisvar í viku. Stærstan hluta árs hefur sami maður sinnt þrifunum og gengur það þá vel en þegar afleysingafólk er í vinnu þarf iðulega að áréttta eitthvað. Starfsfólk bætti á sig ýmsum verkefnum tengdum þrifum þegar þeim var fækkað niður í 2 daga í viku. Sérstaklega í tengslum við eldhús og salerni. Einnig extrun á því sem situr á hakanum dagsdaglega.

Sá tími sem fer í þrif væri vissulega mun betur nýttur í starfið með skjólstæðingum okkar og óskandi að hægt væri að fá sérstaka manneskju í þrif daglega.

Sú manneskja gæti mögulega nýst í störf í eldhúsi líka.

Aðrir sem koma að þjónustu

Kjartan og Þórunn sjá um akstur fyrir Maríuhús. Á árinu hefur 41 skjólstæðingur nýtt sér akstursþjónustu. Seltjarnarnesbær sér um akstur fyrir sitt fólk en á árinu voru tveir skjólstæðingar af Seltjarnarnesi.

Jón G. Snædal, öldrunarlæknir á Landakoti hefur komið einu sinni í viku í Maríuhús og sinnt skjólstæðingum okkar á fjölbreyttan hátt.

Hrafnhildur Hjartardóttir fótaaðgerðarfræðingur og snyrtifræðingur kemur í Maríuhús eftir þörfum og sinnir skjólstæðingum okkar sem þess óska.

Guðný Guðmundsdóttir hárgreiðslukona kemur í húsið eftir þörfum.

Skjólstæðingarnir borga sjálfir fyrir fótaaðgerð og hárgreiðslu en það sparar mikið skutl fyrir aðstandendur að geta fengið þessa þjónustu hér í húsinu.

Tveir skjólstæðingar fengu á árinu heimasjúkraþjálfun hingað í Maríuhús.

Starfið

Í Maríuhúsi leggjum við megináherslu á að sinna skjólstæðingum okkar og aðstandendum þeirra af alúð og virðingu. Við virkjum skjólstæðinga okkar eftir besta megni til að viðhalda og efla líkamlega, vitræna og félagslega færni þeirra.

Við leggjum áherslu á að virkni fari fram í minni hópum því skjólstæðingahópur okkar nýtur sín betur þannig. Við eflum líkamlega færni með stólaleikfimi og gönguferðum, við eflum félagslega færni með samveru og við eflum vitræna færni með bæði iðju eins og kertagerð, þæfingu, málun, klippiverkefnum og fleira. En einnig ýmsri hugarleikfimi; við lesum bækur, tölum um ferðalög, spilum ýmis spil, leikum okkur í Wii tölvu og svo mætti lengi telja.

Skjólstæðingar okkar aðstoða okkur við eldhúsverkin, leggja á borð, baka með okkur og vaska upp, þannig fá þeir hlutverk og þjálfun sem ætti að nýtast þeim heima.

Við höfum fengið fjölda gesta í húsið á árinu; rithöfundar, tónlistarfólk og dansarar hafa glatt okkur með nærveru sinni og í langflestum tilfellum kemur fólk til okkar án endurgjalds sem er ómetanlegt.

Við höfum einnig farið mikið úr húsi. Við fórum í rútuferð upp á Akranes í vor og sumarferðin okkar var farin í Borgarfjörðinn í lok ágúst. Við höfum einnig farið á tónleika, í bíó, á söfn, í húsdýragarðinn og áfram mætti telja.

Við höfum undanfarin ár boðið mökum að taka þátt í ýmsu með okkur, bjóðum þeim alltaf á Litlu jólin og Þorrablót og einnig í sumarferðina í ágúst. Það er gaman að segja frá því að þátttaka maka er alltaf góð.

Stór þáttur í starfi okkar er fjölskylduhjúkrun en aðstandendur eru þeir sem gera skjólstæðingum okkar kleift að búa heima sem lengst og þeir þurfa á öllum þeim stuðningi, sem í boði er, að halda til að geta hugsað um ástvin sinn. Í sameiningu geta dagþjálfun og aðstandendur unnið kraftaverk.

Við aðstoðum fólk við að meta hvenær þörf er á meiri aðstoð (í Maríuhúsi eða frá félags- eða heimaþjónustu). Við ráðleggjum hvíldarinnlagnir á hjúkrunarheimili og aðstoðum fólk í því ferli. Á árinu fóru 11 skjólstæðingar í hvíldarinnlögn, einn fór tvisvar. Dvöl þeirra var á bilinu 1 vika til 5,5 vikur, að meðaltali 3,3 vikur.

Einnig veitum við stuðning þegar kemur að því að sækja um varanlega dvöl á hjúkrunarheimili fyrir viðkomandi en það geta verið þung skref fyrir alla.

Markmið okkar fyrir komandi ár er að halda áfram því góða starfi sem hér er unnið svo að skjólstæðingar okkar geti búið sem lengst heima, við sem besta heilsu og aðbúnað.

Reykjavík, 27. janúar 2015

Ólína Kristín Jónsdóttir
 hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Maríuhúss

	2014	2013	2012
Fjöldi skjólstæðinga	45	42	46
Innskiftir	20	17	22
Útskriftir	21	17	21
Meðalbiðtími eftir innskrift	8,1 mán	8,1 mán	9,0 mán
mest	24,1 mán	21,2 mán	20,1 mán
minnst	2,6 mán	4,2 mán	2,9 mán
Meðaldvalartími útskrifaðra	16,6 mán	20,7 mán	19,7 mán
mest	40,4 mán	52,8 mán	47,3 mán
minnst	4,1mán	3 mán	3,2 mán
Meðalaldur	78,4	77,5	79,3
Konur	20	19	25
Karlar	25	23	21
Búa einir	16	18	17
Fá heimaþjónustu	16	19	25
Fóru í hvíldarinnlögn	11	13	15
meðaltími í hvíld	3,3 vikur	4,25 vikur	3,25 vikur
Notfæra sér akstursþjónustu	41	37	40
Fengu Færni og heilsumat	9	13	11
Meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými	3,2 mán	3,2 mán	3,9 mán
mest	7,2 mán	6,6 mán	7,6 mán
minnst	0,2 mán	0,9 mán	1,1 mán
Sjúkrahúsinnlagnir	11 (9 skjólst.)	13 (10 skjólst.)	17 (15 skjólst.)
Útskrift á spítala	6	3	6
Andlát (heima eða á spítala)	2	0	4